

Fundur 19.5.2025 Sir Oliver Lodge.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur frá stjörnusambandsstöð og ekki í fyrsta skipti.

*Góða kvöldið.*

Gott er að fá styrk þúsundanna og gott er að fá styrk miljónanna og gott er það að hafa skapað sér nafn sem frægur vísindamaður og að hafa notið trausts fjöldans og halda því trausti enn þá.

En veit ég þó að hróður minn sem vísindamanns beið hnekki, þegar ég fór út í hin andlegu mál og hefur hann ekki verið viðreistur að fullu á jörðinni, en var það þeim mun meiri ánægja og gæfa fyrir mig, þegar ég hér í framlífi fékk að nýta mér kenningar dr. Helga Pjeturs, mér til farsældar og er ég hér kominn á aðra framlífs jörð mína og gengur mér hér enn betur.

Og er ég í góðu sambandi við hann og ræðumst við reglulega við á sambandsfundum og met hann mikils.

Þar sem ég var á minni fyrstu framlífs jörð, lenti ég í margskonar mótbyr við aðra vísindamenn og spíritista og trúaða menn sem reyndu að halda aftur af mér og okkur sem lögðum út á þessa braut, því ekki er komið á lífstefnubrautina að fullu, á fyrstu framlífs jörðinni, þar sem tekið er við af gömlu jörðinni, þar sem menn ríghalda sér í gamlar kreddur og trúarbrögð, og vísindi sem ekki standast tímans tönn.

En hér á nýrri jörð er öðruvísi um að litast og finnst mér hér fleiri skynsöm andlit og fleiri skynsamir einstaklingar sem eru vísindalega þenkjandi, og er ég þess fullviss að okkur takist að ná vísindlegum framförum á þessari jörð, og vil ég gjarnan af því segja, þegar tækifæri gefst.

En finn ég að orkan hér í kvöld er takmörkuð, og kann ég því góðar þakkir að nafni mínu sé haldið á lofti á jörðinni, og ég sé mikils metinn og komi hér í gegn, en hef ég áður talað til ykkar.

*Ert þú Sagan ?*

Nei, ekki alveg, hefur það oft verið stutt, en

*Junk ?*

Nei, ekki alveg, ég, orkan er ekki nægileg, ég ætlaði að fara út í spíritisku málin, það er engin eter, nei ég er ekki Junk, ég þakka fyrir, ég, þetta var formáli að ræðu minni, en ég kemst víst ekki lengra, ég þakka fyrir mig, það er, já ég vildi koma því að, að ég hef unnið að þessum sambandsmálum allt mitt líf síðan ég kom yfir á fyrri framlífs hnött minn og þennan, og ég vildi koma því að, að Jahve truflar persónuleg sambönd og ég vildi koma því að, að

*Ert þú Arthur Conan Doyle ?*

Nei næstum því, ég get bráðum sagt nafn mitt.

*Willam James ?*

Nei, ekki alveg, ég er Oliver Lodge.

*Oliver Lodge, já velkominn.*

Takk fyrir, Sir Oliver Lodge, ég, það er sérstaklega erfitt á þessum tímum að koma öllum sönnunum í gegn, vegna þess að það gilda sömu lögmál um miðilsfundi og sambandsfundi, eins og um router eins og þið kallið og þráðlaus samskipti, að það þarf sterkari endurvarpsstöðvar, og endurvarpsstöðvarnar eru fólkið sem hefur áhuga á þessum málum og það myndar samstillinguna sem gerir samböndin möguleg.

En í Covinu sem Jahve átti þátt í, kemur með skemmdir á heila stöðvar sem taka á móti andlegum áhrifum og skemmdir á hjartavöðvum og ýmsum líffærum, svo það eru mjög lúmsk veikindi, þótt lágt fari, og Guðirnir vernda þetta samband ykkar, og fólk var fætt til þess að njóta sambands og þekkingar, en mikið gert til að stöðva, ég næ ekki að, verð að kveðja.

Þakka kærlega fyrir, reyni að koma síðar, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir og vertu sæll og blessaður.*